

19. desember 1975.

1083

Nr. 548.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Akureyrar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 17. desember 1975 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Akureyrar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Akureyrar og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 19. desember 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

31. desember 1975.

Nr. 549.

BÆJANÖFN

Menntamálaráðuneytið hefur samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o. fl., gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1975:

Borgarfjarðarsýsla:

Kvistur á garðyrkjubýli í landi Skrúðs, Reykholtisdalshreppi.

Dalasýsla:

Árbær á smábýli í landi Leysingjastaða, Hvammshreppi.

Vestur-Húnavatnssýsla:

Smáragil á þjónustubýli í landi Staðar, Staðarhreppi.

Syðri-Þverá II á smábýli í landi Syðri-Þverár, Þverárhreppi.

Suður-Þingeyjarsýsla:

Helgá á smábýli í landi Viðiholts, Reykjahreppi.

Byrgisholt á smábýli í landi Hafralækjar, Aðaldælahreppi.

Fítjar á þjónustubýli í landi Ártúns, Ljósavatnshreppi.

Norður-Múlasýsla:

Deildarfell í stað nafnsins Deildarlækur á nýbýli í landi Hofs, Vopnafjarðarhreppi.

Suður-Múlasýsla:

Fljótsbakki I á eignarhluta í landi Fljótsbakka, Eiðahreppi.

Fljótsbakki II á eignarhluta í landi Fljótsbakka, Eiðahreppi.

Rangárvallasýsla:

Öldutún á nýbýli í landi Miðkrika, Hvolhreppi.
Skamambeinsstaðir III á eignarhluta í landi Skamambeinsstaða, Holtahreppi.

Árnessýsla:

Mörk á nýbýli í landi Skálmholts, Villingaholtshreppi.
Stærribær II á þjónustubýli í landi Stærribæjar, Grímsneshreppi.
Skyggnisholt á iðnaðarbýli í landi Súluholts, Villingaholtshreppi.
Rein á iðnaðarbýli í landi Árbæjar III, Ölfushreppi.
Árgil á nýbýli í landi Neðradals, Biskupstungnahreppi.
Sandbakki á iðnaðarbýli í landi Forsætis I, Villingaholtshreppi.
Vatnsholt III á nýbýli í landi Vatnsholts II, Villingaholtshreppi.
Hof á nýbýli í landi Sölvholts, Hraungerðishreppi.

Kópavogur:

Ellidáhvammur á nýbýli í landi Vatnsenda, Kópavogi.

Kjósarsýsla:

Sætún á nýbýli í landi Móa, Kjalarneshreppi.
Helgafell III á smábýli í landi Helgafells II, Mosfellshreppi.

Menntamálaráðuneytið, 31. desember 1975.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Runólfur Þórarinnsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 178 9. nóvember 1959, um vöruhappdrætti
Sambands íslenskra berkla sjúklinga.**

1. gr.

9. gr. orðist svo:

Um vinninga í 1. flokki skal dregið 10. janúar ár hvert, en í öðrum flokkum 5. hvers mánaðar. Ekki skal þó dregið á helgidögum eða laugardögum eða fyrsta virkan dag eftir helgidag eða almennan frídag. Fer dráttur þá fram næsta virkan dag þar á eftir.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 18 22. apríl 1959 um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra berkla sjúklinga, öðlast gildi 1. janúar 1976.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. desember 1975.

Ólafur Jóhannesson.

Ólafur W. Stefánsson.